
Galdrasproti



DV-MYND ÞÖK

Ashkenazy stjórnar Sinfóníuhljómsveitinni

„Stjórnandinn kallaði á meitlaða en ótrúlega fjölbreytilega túlkun og hafði í raun allan salinn á valdi sínu. Ekki er ólíklegt að einhverjir hafi hreinlega gleymt að anda ...“

Tónlist

Það virðist óhætt að fullyrða að aldrei hafi gestir Sinfóníuhljómsveitar Íslands verið teknir með eins áhrifamiklu trompi strax í upphafi tónleika og gerðist í gærkvöldi.

Það var ljóst strax og gengið var inn í salinn að andrúmsloftið var sérstakt. Hvert sæti virtist skipað og einhver gleðileg spenna í loftinu. Þegar hljómsveitarstjórinn, Vladimir Ashkenazy, gekk inn á sviðið braust út óvenjumikið og þétt lófatak. Móttökur sem listamaðurinn svaraði með því að snúa sér eftir viðeigandi hneigingar á hæl og hefja leikinn af einstæðum krafti.

Fyrst á metnaðarfullri efnisskránni var Sinfónía nr.9 eftir Shostakovich frá árinu 1945. Ashkenazy virtist halda á töfrasprota því efni fyrsta kaflans, Allegro, varð svo lifandi, ákaft og eldfimt í þessum flutningi að erfitt er að ímynda sér þetta betur flutt. Einbeiting flytjenda var algjör. Stjórnandinn kallaði á meitlaða en ótrúlega fjölbreytilega túlkun og hafði í raun allan salinn á valdi sínu. Ekki er ólíklegt að einhverjir hafi hreinlega gleymt að anda, svo sláandi var þessi byrjun. Hraði og tærleiki í túlkuninni veitti krafti og stundum groddahætti verksins viðnám sem skapaði nánast gneistaflug. Umræddur fyrsti kafli verksins reyndist vera sá besti frá hendi höfundar, en margt var samt hrífandi og allt vandað og vel útfært.

Eftir hlé hljómaði verk í síðrómantískri stærð, Ljóð af jörðu, eftir Gustav Mahler. Verkið er samið á fyrsta áratug þessarar aldar, höfundur þá á fimmtugsaldri. Hann lést nokkrum árum síðar og þessi mikli hljómsveitarstjóri fékk þannig aldrei tækifæri til að stjórna verkinu. Það var frumflutt nokkrum mánuðum eftir andlát hans. Þetta er sérkennilegt samsafn ljóða sem eru kínversk að uppruna. Mikil gleðilæti má finna í þeim hluta sem skrifaður er fyrir tenór. Altröddin fær meira íhugandi og dýpra efni til að moða úr.

Í hóp flytjenda bættust nú tveir söngvarar, þau Iris Vermillion mezzosópran og Robert Gambill tenór. Það var hann sem reið á vaðið og söng fyrsta ljóðið, Harmljóð við skál, með miklum tilþrifum. Kraftmikil röddin og hrein var aldrei spöruð og túlkunin dramatísk og ágeng. Það skal játast að heit ósk um að fá að heyra þennan mann flytja tónlist Wagners bjó um sig í hugskotinu. Og ekki var túlkun hans á þriðja ljóðinu, Æska, verri. Þáttur Mahlers er auðvitað óumdeildur. Tónlistin er með hugstreymislegu yfirbragði, fjölbreytt og frjáls. Ógleymanleg eru til dæmis þau andartök þegar sungið hefur verið um „vatnsins kyrru kristalsfleti“. Hugmyndin er sett snilldarlega fram í tónum og var flutningurinn þarna hreint frábær.

Tónsvið ljóðanna virtist ekki vefjast sérstaklega fyrir mezzósópransöngkonunni. Hún bar fyrst í stað túlkunina eins og utan á sér, líkt og þeir gera sem vanir eru að leika fyrir stóru húsi. En hún vann sig inn í efnið og flutti viðamikið lokaljóðið mjög vel. Eilífðaráköllin í lokin orðin sem bergmál úr brjóstum þeirra sem í salnum voru.

Tónleikagestir þökkuðu fyrir sig með uppistandi og löngu lófataki. Þessara tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Ashkenazy verður minnst sem eins af hápunktunum í tónleikahaldi hennar.

Sigfríður Björnsdóttir

Mikið um að vera í Listasafni Íslands



Í Listasafni Íslands verða á morgun opnaðar þrjár sýningar.

Yfirsýn nefnist sýning þýska málarans Gerhards Richters en hann er viðurkenndur sem einn fremsti málari sinnar kynslóðar. Hann hefur á ferli sínum fengist við að kanna möguleika málverksins, m.a. með notkun eftirprentana, ljósmynda og mynda úr fjölmiðlum. Verk Richters eru ýmist fígúratíf eða abstrakt en margbreytileiki vinnuaðferða hans gerir það að verkum að ekki er alltaf auðvelt að átta sig á hvort heldur er. Flest verkin á sýningu Listasafns Íslands eru frá síðustu fjórum árum en hún er skipulögð af Institut für Auslandsbeziehungen í Þýskalandi.

Einnig verða til sýnis í Listasafni Íslands verk í eigu safnsins eftir Jón Stefánsson, einn af frumherjunum í íslenskri myndlist. Jón Stefánsson (1881–1962) hóf listnám sitt í Kaupmannahöfn en varð síðan fyrstur íslenskra málara til að sækja slíkt nám utan Norðurlandanna. List Jóns einkennist öðru fremur af formrænu samræmi, innra jafnvægi og rökrænni byggingu. Sýning Listasafns Íslands á úrvali verka eftir Jón Stefánsson í eigu safnsins gefur gott yfirlit yfir listferil hans.



Þriðja sýningin, sem opnuð verður í Listasafni Íslands á laugardaginn, er á innsetningunni Glerregni, frá 1984 eftir Rúrí (f. 1951). Verk eftir Rúrí eru gjarnan umfangsmikil umhverfislistaverk og viðfangsefni þeirra andstæða sjálfhverfrar íhugunar. Þau vísa út í tilveruna og taka fyrir ýmsa þætti hennar, svo sem afstæðið, alheiminn eða tímann. Viðfangsefni Glerregns er tími og ógnir, en verkið er ein af fyrstu innsetningunum sem sýnd var á Íslandi. Listasafn Íslands eignaðist verkið árið 1988 en sýnir það nú í fyrsta sinn.

Sýningarnar þrjár standa til 18. febrúar. Listasafn Íslands er opið frá kl. 11 til 17 alla daga nema mánudaga. Kaffistofa safnsins er opin á sama tíma.

Hitavættir og tröll



DV-MYND PJETUR

Páll frá Húsafelli við eitt verka sinna

Í Ásmundarsafni verða sýnd verk úr grjóti, eftir Pál Guðmundsson og Ásmund Sveinsson.

Á morgun verða opnaðar í Listasafni Reykjavíkur tvær áhugaverðar sýningar. Í Hafnarhúsinu verða sýndar höggmyndir eftir Robert Dell undir titlinum Hitavættir, en í Ásmundarsafni verður opnuð sýningin Fjöll rímar við tröll, sem eru verk eftir Pál Guðmundsson frá Húsafelli og Ásmund Sveinsson.

Það býr margt tröllslegt í björgunum sem Páll frá Húsafelli hefur skapað listaverk sín úr. Páll hefur lengi unnið beint í náttúruna í sínu næsta nágrenni, þar sem hann sækir efni sitt, íslenskt grjót í öllum regnbogans litum. En hann er ekki sá eini íslenskra listamanna sem sækir hugmyndir sínar í hina hrikalegu og stórbrotnu fegurð sem fjöllin búa yfir. Ásmundur Sveinsson nefndi oftar en einu sinni að tröllin hans ættu upphaf sitt að rekja til íslensku fjallanna. Dæmi um þetta er að finna í verkum hans eins og Tónum hafsins, Tröllið á fjöllunum, Sonartorreki og Helreiðinni. Í sýningunni í Ásmundarsafni er þessum tveimur listamönnum stillt upp saman. Útkoman er rammíslensk sýn tveggja ólíkra listamanna, sem sækja hugmyndir sínar í harðgerða náttúruna og meitla hana af fingrum fram.

Á sýningunni gefur einnig að líta forláta steinhörpu sem Páll lagði nýverið lokahönd á. Harpan spannar tæpar fjórar áttundir en Áskell Másson tónskáld hefur samið tónverk við hana og víólu sem frumflutt verður í tilefni af opnuninni.

Hitavættir Roberts Dell samanstanda af svokölluðum jarðhitahöggmyndum. Að sögn listamannsins eiga verk hans að „vera brú til að hjálpa okkur að skilja og lifa í sátt og samlyndi við stoðkerfi tilveru okkar – jörðina sjálfa. Þetta er ný goðafræði, með notkun nútímatækni. Þetta eru sjáanleg sagnakvæði, sem syngja ofurmjúkt ljóð jarðarinnar til þeirra sem vilja hlusta.“

Svava og verk hennar



Í nóvember var haldið þing í Þjóðarbókhlöðunni um verk Svövu Jakobsdóttur í tilefni af sjötugsafmæli hennar 4. október. Fyrirlesarar voru bókmenntafræðingarnir Ástráður Eysteinsson, Birna Bjarnadóttir, Soffía Auður Birgisdóttir, Pétur Már Ólafsson og Dagný Kristjánsdóttir. Á morgun verða á Rás 1. kl. 16.08 flutt valin atriði úr fyrirlestrinum, sem meðal annars fjölluðu um raunveruleika innri reynslu í sögum Svövu og samhengi hugmynda og hins ritaða orðs. Umsjón hefur Sigríður Albertsdóttir.

Myrk stemning

Á geisladiski með Tríói Reykjavíkur, sem kom út fyrir skemmstu, eru þrjú tónverk; Tríó opus 70 nr. 1 eftir Beethoven; „Andað á sofinn streng“ eftir Jón Nordal og hið svokallaða Dumky tríó eftir Dvorák. Miklar andstæður einkenna verkin, til dæmis er hægi þátturinn í Beethoventríóinu ein tregafyllsta tónsmíð meistarans en gleðin hins vegar allsráðandi í hröðum lokakaflanum. Sömuleiðis túlka sex dansþættir í tríói Dvoráks alls konar tilfinningar og er það helst tónlist Jóns Nordals sem er einlit, þó hún sé langt frá því að vera einhæf.

„Andað á sofinn streng“ er tilvitnun í ljóð eftir Snorra Hjartarson og hefst á einmanalegum tónum fiðlu og síðar sellós. Stemningin er afar myrk og innkoma nöturlegra hljóma píanósins undirstrikar vonleysið. Þó úrvinnsla grunnhugmyndanna sé tilfinningaþrungin og markviss endar verkið á svipaðan hátt og það byrjaði, í þögn og einsemd. Heildaráhrifin eru eins og eintal þriggja persóna sem búa saman en þó í óravegu hver frá annarri. Er þetta er vel samin og mögnuð tónlist, auðvitað ekki skemmtileg, en á heldur ekki að vera það.

Geislaplötur

Flutningur Tríós Reykjavíkur á verki Jóns er í fremstu röð. Túlkunin er hástemmd og alvörugefin og hver tónn er þrunginn innri merkingu. Er það ekki að undra því hér eru á ferðinni þau Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari og Peter Maté píanóleikari, allt saman afburða tónlistarfólk. Skiptir ekki máli hvert viðfangsefni þeirra er, hljóðfæraleikurinn er þrunginn lífi og tilfinningu, án þess að það komi niður á nákvæmni í samspili eða bjögun einstakrar raddar. Flutningurinn á tríói Beethovens er afar sannfærandi, bæði formfastur og ástríðuþrunginn, tæknilega fullkominn og hver einasti tónn fagurlega mótaður. Sama má segja um hið skemmtilega tríó eftir Dvorák, þar leiftrar túlkunin af lífsgleði sem í óhömdu tilfinningaflæðinu jaðrar við að vera frumstæð.

Upptakan, sem var í höndum Bjarna Rúnars Bjarnasonar, er vönduð og fagmannleg, samræmi hljóðfæranna ágætt og endurómunin hæfilega mikil. Bæklingurinn, sem inniheldur greinar eftir Jón Ásgeirsson um verk Dvoráks og Beethovens, er einnig prýðilega unninn. Í stuttu máli er þetta frábær geisladiskur og vel þess virði að eiga.

Jónas Sen

Tríó Reykjavíkur flytur verk eftir Beethoven, Dvorák og Jón Nordal. Japis 2000.

Ný sögubók



Nýja bókafélagið hefur sent frá sér Íslands- og mannkynssögu NB II – Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000. Bókin er ætluð til kennslu í grunnáfanganum SAG-203 í framhaldsskólum og er framhald af Íslands- og mannkynssögu NB I sem kom út í haust.

Bókin er ríkulega skreytt myndum og kortum með litmyndum á hverri blaðsíðu. Höfundar eru sagnfræðingarnir Margrét Gunnarsdóttir og Gunnar Þór Bjarnason en þau hafa bæði reynslu af sögukennslu. Bókin er samin með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla, en þar er mælst til þess að sögu mannkyns og Íslendinga sé fléttað saman.